

**Fundargerð 123. fundar Fræðslusjóðs**  
**Þriðjudaginn 29. nóvember 2022 kl. 13:00-14:30.**  
**Haldinn í Skipholti 50b og í fjarfundi.**

**Mætt:** Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Eva Margrét Kristinsdóttir, Finnbogí Sveinbjörnsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Karl Rúnar Þórsson.

**Gestur:** Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA

**Frá FA:** Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

## DAGSKRÁ

**1. Fundargerð 122. fundar** (fskj. 01. fundargerð 122. fundar)

**Afgreiðsla:** Fyrir fundinn hafði komið athugasemd við að ekki kæmi fram að skipting sjóðs og úthlutanir til námsleiða og ráðgjafar væru gerðar með fyrirvara um niðurstöðu fjárlaga. Var brugðist við því. Var fundargerð 122. fundar samþykkt með áorðnum breytingum.

**2. Úthlutun 2023**

**a. Úthlutun til raunfærnimats 2023** (fskj. 02. Úthlutun 2023)

**Afgreiðsla:** Eftirfarandi úthlutun til raunfærnimats var samþykkt, með fyrirvara um endanlega niðurstöðu fjárlaga:

Fræðsluaðili	Raunfærnimat 2023
Mímir-símenntun	14,870,000
Framvegis	10,844,000
Starfsmennt	-
IÐAN	65,069,000
Rafmennt	8,812,000
<b>Samt. höfuðb.svæðið</b>	<b>99,595,000</b>
Símenntun Vesturlandi	9,293,000
Fræðslumst. Vestfj.	5,565,000
Farskólinn NV-landi	2,364,000
SÍMEY	9,949,000
Þekkingarn. Þingeyinga	4,273,000
Austurbrú	5,075,000
Fræðslunet Suðurlands	11,420,000
Viska Vestmannaeyjum	4,782,000
MSS	7,684,000
<b>Samt. landsbyggðin</b>	<b>60,405,000</b>
<b>Samtals úthlutun</b>	<b>160,000,000</b>
Til úthlutunar	160,000,000

Sundurliðun á þeim verkefnum einstakir fræðsluaðilar fengu veitingu til er að finna í fylgiskjali 02. Úthlutun 2023.

### 3. Umsókn um styrk til Næsta skref um gerð vegvísis (fskj. 03 Vegvísir)

Lagt er til að Fræðslusjóður samþykki að setja 2,8 milljónir í þróun Vegvísis á vefnum Næsta skref. Um gagnvirkt verkfæri er að ræða til að aðstoða einstaklinga við náms- og starfsval og á sér fyrirmyndir á sambærilegum vefsvæðum á Norðurlöndum. Er tillagan gerð á grundvelli 1. mgr. 10. gr. laganna en þar kemur meðal annars fram að hlutverk Fræðslusjóðs sé að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Með því stuðlar sjóðurinn að þeim markmiðum sem talin eru í 2. gr.

Stefnumótunarvinna er í gangi um endurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis þar sem áherslur til framtíðar verða lagaðar.

**Afgreiðsla:** Var tillagan samþykkt. Fjármálastjóri FA mun útbúa drög að samningi milli Fræðslusjóðs og FA þar sem markmið og tilgangur styrksins koma fram ásamt með greiðslufyrirkomulagi. Verði samningdrögin lögð fyrir stjórn á næsta fundi til umræðu og staðfestingar.

### 4. Efling stafrænnar hæfni: grunnám í forritun.

**Til upplýsingar:** Á síðasta fundi var óskað eftir að FA skoðaði hvort námskráin tengdist öðrum námskrám framhaldsfræðslunnar og hvort hún sé fornám, framhald eða hluti af öðru námi tengt tölvu- og forritunarnámi.

Eftir samtal við Framvegis, er skrifaði námskrána, og skoðun á verðlista Fræðslusjóðs kemur í ljós að námskráin stendur ein og sér og tengist ekki öðrum námskrám á verðlista. Þetta er fyrsta námskráin sem kynnir undirstöðu forritunar. Aðrar námskrár á verðlistanum er tengjast tölvum fjalla um vélbúnað, uppsetningu og vinnu við tölvur.

### 5. Fagbréf atvinnulífsins – Haukur Harðarson (fskj. 05 Fagbréf-Kynning)

Haukur Harðarson, fór yfir stöðu Fagbréfs atvinnulífsins. Fyrir liggur að starfsmenntasjóðir stéttarfélaganna hafa samþykkt greiðsluþátttöku, að upphæð 95,000, við framkvæmd raunfærnimats, starfsþjálfun og útgáfu Fagbréfs. Raunfærnimat í atvinnulífinu kostar í dag (verðlisti Fræðslusjóðs 2022) 152.000. Því er nauðsynlegt að móta reglur innan Fræðslusjóðs um hvernig staðið verði að greiðslum til fræðsluaðila þegar framkvæmd og útgáfa Fagbréfa fer fram hjá samstarfsaðilum sjóðsins.

Með samstarfi starfsmenntasjóðanna er stigið fyrsta skref í átt að sjálfbærri kerfi sem nýtur trausts atvinnulífs og fræðsluaðila. Samtöl hafa átt sér stað við samtök fyrirtækja og launfólks og einstök fyrirtæki. Viðbrögð hafa verið mjög jákvæð og nokkur verkefni eru þegar komin af stað.

### 6. Verðlisti – Hugmynd að breyttri reiknireglu (fskj. 06 Verðlisti–Hugmyndir)

Innan FA hefur verið unnið að endurskoðun á reiknireglu verðlista Fræðslusjóðs. Markamiði endurskoðunarinnar er að:

- auka gegnsæi í verðlistanum
- auka sveigjanleika í framkvæmd
- hvetja til aukins samstarfs fræðsluaðila

- lækka kostnað þátttakenda
- lækka heildarframlag til lengstu námsleiðanna

FA telur sig vera komið með ramma til að vinna með og er stefnt að því að nýtt reiknilíkna liggi fyrir á vormánuðum 2023, en stefnt er að því að það verði innleitt haustið 2023.

#### 7. Verðlisti 2023 (fskj. 07 Verðbreyting verðlista 2023)

**Afgreiðsla:** Samþykkt var að hækka verðlistann um 4,7%. Hækka námsleiðir, ráðgjöf, raunfærnimat og túlkapjónusta við þetta sem nemur hækkuninni. FA uppfærir verðlista sjóðsins í samræmi við hækkunina og sendir fræðsluaðilum.

#### 8. Erindi frá samstarfsaðilum:

- a. **Fræðslunetið Suðurlands v. fjármögnunar á [Uppleið](#)** (fskj. 08 Uppleið-Erindi til stjórnar)

**Afgreiðsla:** Frestað. Er hluti af umræðu um endurskoðun reiknireglu verðlista Fræðslusjóðs.

#### 9. Önnur mál

- a. **Fundur í desember**

**Afgreiðsla:** Samþykkt að halda fund 12. desember kl. 13-13:30 þar sem tekið verður fyrir verðlagning fagbréfa og skörun við raunfærnimat í atvinnulífinu. FA vinni kynningu og komi með á fundinn.